

REGLUR

um ótímabundna ráðningu akademísks starfsfólks við Háskólann á Akureyri.

1. gr.

Markmið.

Reglur þessar gilda um ótímabundna ráðningu akademísks starfsfólks við Háskólann á Akureyri, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og IV. kafla reglna nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri. Ótímabundin ráðning að lokinni tímabundinni ráðningu byggir á heildstæðu faglegu mati á frammistöðu og árangri akademísks starfsmanns í rannsóknum, kennslu, stjórnun og þjónustu í þágu Háskólans á Akureyri og samfélagsins.

2. gr.

Tímabundin ráðning.

Í samræmi við 31. gr. reglna nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri skal upphafleg ráðning akademísks starfsfólks að jafnaði vera tímabundin til fimm ára, hvort sem um er að ræða fullt starf eða hlutastarf. Þegar um er að ræða veikindaleyfi, fæðingarorlof eða aðrar málefnalegar ástæður sem geta haft áhrif á starfsafköst, er forseta fræðasviðs heimilt að framlengja tímabundna ráðningu viðkomandi um allt að tvö ár. Slík framlenging skal rökstudd sérstaklega. Rökstuðningurinn skal fylgja beiðni um framlengingu ráðningarsamnings til launadeildar. Rökstuðninginn skal skrá í rafrænt skjalavistunarkerfi háskólans og senda rektor til upplýsinga.

Að framlengdu tímabili liðnu skal rökstuðningurinn fylgja umsögn fræðasviðs til dómnefndar sé óskað eftir ótímabundinni ráðningu.

3. gr.

Umsókn um ótímabundna ráðningu.

Skrifstofa gæða- og mannauðsmála upplýsir akademískan starfsmann, rúmu ári áður en tímabundinni ráðningu lýkur, um að hyggist viðkomandi óska eftir ótímabundinni ráðningu, skuli sótt um það til rektors allt að tólf mánuðum og eigi síðar en níu mánuðum áður en tímabundinni ráðningu lýkur. Með umsókn skal umsækjandi leggja fram greinargerð, að hámarki 1.500 orð, um störf sín frá upphafi tímabundinnar ráðningar við Háskólann á Akureyri við rannsóknir, kennslu, stjórnun og þjónustu. Með umsókn skal einnig fylgja rita- og ferilskrá, allt að fimm helstu ritverk sem hafa verið birt frá upphafi tímabundinnar ráðningar og framlag umsækjanda til ritverkanna ef um fjölhöfundaverk er að ræða. Þá skal gera grein fyrir rannsóknum, kennslu, stjórnun og þjónustu, sbr. 5. gr. þessara reglna.

Einungis skal senda með umsókninni gögn sem tengjast starfstímabili hinnar tímabundnu ráðningar. Umsækjandi skal tilgreina a.m.k. tvo einstaklinga sem samþykkt hafa að veita umsögn um verk hans. Þeir skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á sviði umsækjanda og a.m.k. annar þeirra starfa utan Háskólans á Akureyri.

Rektor sendir umsókn um ótímabundna ráðningu til forseta fræðasviðs, sem aflar umsagnar viðkomandi deildar og a.m.k. tveggja þeirra sérfræðinga sem umsækjandi gefur upp. Heimilt er að leita eftir umsögnum annarra utanaðkomandi sérfræðinga til viðbótar. Auk þess skrifar forseti fræðasviðs eigin umsögn um umsækjandann þar sem fram kemur rökstudd afstaða til þess hvort mæla skuli með ótímabundinni ráðningu. Að því búnu sendir forseti fræðasviðs umsóknina ásamt öllum gögnum og umsögnum til dómnefndar Háskólans á Akureyri. Dómnefnd gerir tillögu til rektors um hvort umsækjandi skuli ráðinn ótímabundinni ráðningu.

Hafi umsækjandi fengið framgang á síðustu 12 mánuðum má vísa til þeirrar umsóknar. Umsækjandi ber ábyrgð á að uppfæra umsóknina eftir því sem við á fyrir ótímabundna ráðningu.

4. gr.

Ákvörðun um ótímabundna ráðningu.

Dómnefnd Háskólans á Akureyri metur störf umsækjenda á grundvelli umsóknargagna auk umsagna deildar, forseta fræðasviðs og sérfræðinga og gerir rökstudda tillögu til rektors um hvort ráða beri umsækjanda ótímabundið. Nefndinni er heimilt að leita eftir umsögnum sérfræðinga til viðbótar

við þær umsagnir sem þegar hafa verið veittar. Þá skal nefndin gefa umsækjanda kost á að koma að frekari upplýsingum, sjónarmiðum sínum og andmælum, telji hún tilefni til þess við meðferð málsins, og veita til þess hæfilegan frest.

Dómnefnd sendir álit sitt til rektors sem tekur endanlega ákvörðun um hvort veitt verði ótímabundin ráðning. Telji rektor að málsmeðferð dómnefndar sé að einhverju leyti ábótavant skal hann senda álitid aftur til nefndarinnar. Skal rektor tilgreina að hvaða leyti álitinu eða málsmeðferðinni er ábótavant og óska úrbóta. Telji rektor tilefni til, s.s. ef ósk um ótímabundna ráðningu kann að verða hafnað, skal hann leita andmæla hjá umsækjanda áður en endanleg ákvörðun er tekin. Umsækjanda skal veittur hæfilegur frestur til að koma andmælum sínum að.

Niðurstaða rektors skal að jafnaði liggja fyrir þremur mánuðum áður en tímabundinni ráðningu umsækjanda lýkur.

5. gr.

Mat á umsókn um ótímabundna ráðningu.

Leggja skal heildarmat á umsókn um ótímabundna ráðningu og hvort umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem eðlilegt er að setja fyrir ráðningu í tímabundið starf við Háskólann á Akureyri. Mikilvægt er að litið sé til allra starfsþátta sem heyra til akademískra starfa við háskólann og að tillit sé tekið til áherslna umsækjanda og þarfa viðkomandi starfseiningar. Við matið skulu deild, forseti fræðasviðs og dómnefnd horfa til þeirra þátta sem fram koma í tölulíð 1–4 hér á eftir, byggt á umsókn og fylgigögnum sem og umsögnum sérfræðinga og meta eftir því sem við á. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi uppfylli öll atriðin, að undanskilinni þátttöku í námskeiði í kennsluáðferðum, kennsluþróun og kennslutækni, sem er skilyrði til að hljóta ótímabundna ráðningu. Að öðru leyti eru eftirfarandi atriði til viðmiðunar og án forgangsröðunar til að auðvelda umsækjendum að gera grein fyrir störfum sínum og matsaðilum að meta fjölbreytt framlag starfsfólks.

Þá skal við heildarmat einnig horft til samskiptahæfni umsækjenda eftir því sem fyrirbyggjandi upplýsingar og gögn gefa tilefni til.

1. Rannsóknir.

Rannsóknaferrill umsækjanda skal metinn frá ráðningu í tímabundið starf við Háskólann á Akureyri.

Horft er til eftirfarandi þátta eftir því sem við á, miðað við starfsheiti og starfsskyldur umsækjanda:

- a. Virkni, sjálfstæði, frumkvæði og áhrif í rannsóknnum.
- b. Fjöldi rannsóknastiga og umfang rannsókna.
- c. Birtingarvettvangs sem gerir strangar fræðilegar kröfur.
- d. Álitsgerða og skýrslna sem umsækjandi hefur sent frá sér í frágenginni mynd.
- e. Hlutverks við fjármögnun vísindarannsókna hér á landi og erlendis.
- f. Að hvaða marki umsækjandi er leiðandi í samstarfsverkefnum.
- g. Reynslu, virkni og framlags í alþjóðlegu og innlendu rannsóknasamstarfi.
- h. Rannsóknáforma umsækjanda og verka í vinnslu.

2. Kennsla.

Kennsluferill umsækjanda skal metinn frá ráðningu í tímabundið starf við Háskólann á Akureyri. Horft er til eftirfarandi þátta eftir því sem við á, miðað við starfsheiti og starfsskyldur umsækjanda:

- a. Gæða kennslu, m.a. með hliðsjón af námskeiðsmati.
- b. Samþættingar rannsókna og kennslu.
- c. Fjölbreytni í kennsluáðferðum.
- d. Þátttöku í verkefnum á sviði kennsluþróunar.
- e. Reynslu og árangurs umsækjanda af leiðbeiningu lokaverkefna, meðal annars í rannsóknatengdu framhaldsnámi.
- f. Þátttöku í námskeiðum í kennsluáðferðum, kennsluþróun og kennslutækni.

3. Stjórnun.

Stjórnunarferill umsækjanda gagnvart fræðasamfélaginu skal metinn frá ráðningu í tímabundið starf við Háskólann á Akureyri. Horft er til eftirfarandi þátta eftir því sem við á, miðað við starfsheiti og starfsskyldur umsækjanda:

- a. Setu í nefndum, starfshópum eða annarri stjórnun á vegum deildar eða námsbrauta.
- b. Setu í nefndum, starfshópum eða annarri stjórnun á vegum fræðasviðs.
- c. Setu í nefndum, starfshópum eða annarri stjórnun á vegum rektors eða háskólaráðs.
- d. Annarra akademískra stjórnunarstarfa hér á landi eða erlendis, byggt á sérfræðipækkingu umsækjanda.
- e. Að hve miklu leyti umsækjandi hefur haft leiðandi hlutverk við stjórnun.

4. Þjónusta – tengsl við samfélag og atvinnulíf.

Þjónusta umsækjanda við samfélag og atvinnulíf í krafti þekkingar sinnar frá ráðningu í tímabundið starf við Háskólann á Akureyri. Horft er til eftirfarandi þátta, eftir því sem við á:

- a. Álitsgerða og skýrslna sem ætlaðar eru aðilum utan akademíunnar.
- b. Erinda á málþingum, málstofum eða fundum sem ekki falla undir akademískan vettvang, hér á landi og erlendis.
- c. Annars konar miðlunar sérþekkingar, sem ekki fellur undir akademískan vettvang, til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag og á alþjóðavettvangi.
- d. Hagnýtingar rannsókna.
- e. Setu í ritstjórn bóka og tímarita almenns eðlis sem byggja á fræðilegri sérþekkingu.
- f. Almenns fræðsluefnis og þýðinga, byggðra á fræðilegri sérþekkingu.
- g. Þátttöku í starfi fagfélaga.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast gildi 1. ágúst 2023. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 1010/2016 um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri.

Háskólanum á Akureyri, 22. júní 2023.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 7. júlí 2023